

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Johan Ole Gerhard Ellerup, greiði 100.00 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Þá greiði kærður og kostnað við rannsókn sýnis-horna, kr. 165.00.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júní 1938.

Nr. 149/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

David William Collinson

(Lárus Fjaldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir fyrrverandi forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjúkort stað dufls þess, er sett var niður, þar sem togarinn „Nab Wyke“ H 252 var tekinn þann 9. júlí 1936, og ber niðurstöðum hans og varðskipsforingjans saman um það, að staður togarans hafi þá verið 0.55 sjómíliur innan landhelgílinunnar. Staðarákvörðunin var gerð af varðskipsforingjanum og tveimur stýrimönnum hans, og hafa þeir borið það, að þegar mælingin var gerð, hafi allir þeir staðir sézt greinilega, er til var miðað. Þar sem ekkert hefir komið fram, sem hnekkt geti framangreindri staðarákvörðun, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að sektin verði, með tilliti til dagsgengis

íslenzkrar krónu, sem nú er 49.34, 20300 krónur, og afplánist hún með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Það athugast, að samkvæmt eiginhandar undirskrift kærða fyrir notario publico í Englandi er nafn hans David William Collinson, en í prófum málsins er hann ýmist nefndur D. C. eða O. C. Collinson.

Á flutningi máls þessa fyrir hæstarétti hefir orðið mikill dráttur. Málið var afgreitt frá hæstarétti til málflutningsmannanna í byrjun októbermánaðar 1936. Mestan þann tíma, sem síðan er liðinn, hafa skjöl málsins legið hjá verjanda, Lárusi Fjeldsted hæstaréttarmálflutningsmanni, og hefir hann ekki réttlætt nægilega svo langan drátt á afgreiðslu málsins. Verður því ekki hjá því komizt að víta drátt þennan á málinu.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin verði 20300 krónur, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði, David William Collinson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar 11. júlí 1936.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn D. C. (sic) Collinson skipstjóra á togaranum H. 252 „Nab Wyke“ frá Hull fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um hann við botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þessir: 9. þ. m. var varðskipið Ægir á leið frá Flatey austur að Tjörnesi og stýrði r/v 86 og átti samkvæmt leiðarreikningi að vera komið inn á landhelgisvæðið við Tjörnes. Kl. 07.00 sást togari á bakborða, er stefndi að landi. Kl. 07.08 var togaranum gefið stöðvunarmerki með flautu og flöggum. Kl. 07.09 var skotið lausu skoti og aftur kl. 07.10. Sleppti togarinn þá dragstrengjunum úr dráttarblökkinni og sneri til stjórnborða, enda var að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó. 07.17 var bauja frá varðskipinu látin út rétt aftan við togarann um leið og vörpuhlerar komu upp úr sjónum.

Þessi staður mældist eftir mælingu skipherrans á Ægir þannig:

Tjörnesviti

> 23° 13'

V. kant klettsins v. við Breiðuvík

> 63° 23'

V. kant Lundeyjar

Og var baujan 0.55 sjómilur innan landhelgislínunnar.

Þegar varðskipið tók togarann, var þoka. Þegar eftir að baujan var komin út, var skipstjóri togarans sóttur og fluttur um borð í varðskipið. Sagðist hann hafa verið að veiðum úti við Grimsey, en þegar hann hafi komið á þessar slóðir, var þoka, svo hann hafi eigi getað séð land, en hafi þá látið út vörpuna á 95 faðma dýpi, og bæði hafi hann gætt þess sjálfur og einnig sagt stýrimanni frá að koma ekki á grynnra vatn en 80—90 faðma. En á því dýpi hafi hann talið sig vissan að vera utan landhelgi.

Þegar staðarákvarðanir voru gerðar, segir skipherrann á varðskipinu Ægir og báðir stýrimenn, sem gerðu mælinguna með skipherra, að nægilega hafi verið hjart til að gera staðarákvarðanir.

Skipstjóra togarans, sem var staddur um borð í varðskipinu, var boðið að fylgjast með, er staðarákvörðunin var gerð, og gerði hann það. Einnig var hann við, þegar staðarákvörðunin var sett á uppdráttinn á réttarskjali nr. 2.

Áður en skipstjórinn var fluttur um borð í skip sitt, bað hann um að mega gera þar sjálfur staðarákvarðanir áður en farið yrði af stað, og var honum leyft það. Kl. 11.15 var farið með hann um borð. Kl. 1.45 létti hann akkerum og hélt skipstjórinn á Ægi, að hann hefði lokið við staðarákvarðanir, enda hafði birt rétt áður en hann létti akkerum. Skipstjórinn á togaranum hefir aftur skýrt frá, að hann hafi engar staðarákvarðanir gert, enda eigi verið nógu bjart til þess, og virðist skipherrann á Ægir fallast á, að svo muni geta hafa verið.

Kærður segist ekki geta dæmt um, hvort hann hafi verið á þeim stað, sem varðskipið hefir ákveðið, en neitar hinsvegar ekki að hafa verið þar. Átti hann og kost á að ihuga þetta, en létti akkerum án þess að hafa gert það. Hinsvegar liggja fyrir skýrar mælingar frá varðskipinu, og þykir því mega telja sannað, að skipið hafi verið innan landhelgislinunnar, en hitt er viðurkennt, að það hafi verið að toga, og hefir kærður þannig brotið gegn 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 49.69, hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 20124.77 aurar, sem rennur til landhelgisjóðs Íslands og greiðist innan 4 vikna, en fáist hún ekki greidd, ber ákærða (sic) að afplána hana með einföldu fangelsi í 10 mánuði.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt, og andvirðið renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Það vottast, að á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, skipstjóri D. C. (sic) Collinson, á innan 4 vikna að greiða sekt, að upphæð kr. 20124.77 aura til landhelgisjóð Íslands, en afplána hana með 10 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún eigi greidd.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Nab Wyke“ H. 252 vera upptækt, og andvirðið renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júní 1938.

Nr. 119/1937. **Kaupfélag Eyfirðinga**

(Pétur Magnússon)

gegn

Birni Halldórssyni f. h. Fiskiveiðahlutafélagsins Höfrungs

(Eggert Claessen).

Kröfu um frest hrundið.

Úrskurður hæstaréttar.

Mál þetta var höfðað 23. apríl f. á. fyrir bæjarþingi Akureyrar og dæmt þar 14. sept. s. á. Síðan er því skotið til hæstaréttar með stefnu 13. okt. f. á. til þingfestingar í desember s. á.

Er málið skyldi flutt, það umboðsmaður áfrýjanda um frest til septembermánaðar til þess að leiða nafngreindan mann, sem nú tjáist vera búsettur í Englandi, vitni í málinu. Fresti hefir umboðsmaður stefnda neitað. Og lögðu umboðsmenn aðilja það at-riði undir úrskurð.

Þó að fullt efni væri til að reyna að fá skýrslu áðurnefnds manns, sem virðist hafa verið búsettur hér á landi, meðan málið var sótt og varið í héraði, þá hefir áfrýjandi, að því er séð verður, ekki beðizt